



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 19. júní 2019
SFS2019050120
163. fundur
HG/img/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi uppsagnir á leikskólunum Hólaborg og Suðurborg.

Á 160. fundi skóla- og frístundaráðs, 14. maí 2019, lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu margir starfsmenn hafa hætt á leikskólunum Hólaborg og Suðurborg eftir að Reykjavíkurborg upplýsti um áform sín um það að sameina þessa tvo skóla. Eins er óskað eftir upplýsingum um það hversu margir starfsmenn hafa sagt upp störfum en hafa ekki látið af störfum síðan þessi áform voru kynnt.

Svar:

Hólaborg:

Lagðar voru fram þrjár uppsagnir með fyrirvara um að ekki kæmi til sameiningar. Tvær uppsagnanna voru dregnar til baka en einni var breytt, fyrirvarinn tekinn út og starfsmaðurinn er að hætta.

Suðurborg:

Einn leikskólakennari hefur sagt upp störfum og hættir í lok júní. Auk þess hefur einn deildarstjóri lagt inn uppsögn.